

**Úttektir á klæðingum á Suður- og Austurlandi í september 2019. Gunnar Bjarnason, Vegagerðin og Pétur Pétursson, PP-ráðgjöf - nóvember 2019.**

Í skýrslunni er gerð grein fyrir úttekt á klæðingum á Hringvegi frá Héraði suður um firði og áfram um Suðurlandið. Úttektin var takmörkuð við nýjar klæðingar, þ.e. klæðingar sem lagðar voru 2018 og 2019. Alls voru teknir út um 41 km af klæðingum og teknar myndir á völdum stöðum. Myndirnar og umsagnir eru birtar í skýrslunni.

Í samantektarkafli skýrslunnar kemur meðal annars fram að klæðingar á Austurlandi lagðar 2018 voru í nokkuð mismunandi ástandi. Rúmlega fjórðungur var metinn óskemmdur, tæplega helmingur í lagi, en með skrapað yfirborð, 19% voru metnar ónýtar og 9% höfðu verið yfirlagðar 2019. Samanlagt eru það því líklega 28% klæðinga sem lagðar voru 2018 og teknar út í september 2019 sem eru ónýtar eftir árið. Á Suðurlandi voru hins vegar engar klæðingar sem lagðar voru 2018 metnar óskemmdar. 44% þeirra voru metnar í lagi, en mikið slitnar, en afgangurinn (56%) var metinn ónýtur, sem verður að teljast lök útkoma.

Þær orsakir sem nefndar eru fyrir miklum skemmdum ársgamalla klæðinga í þessari úttekt eru, eins og oft hefur komið fram áður, tengdar vetrarviðhaldi og skröpun yfirborðs af völdum snjóplóga. Hins vegar kemur hér líka fram að vetrarumferð, sem er í miklum mæli nagladekkjaumferð, er að verða of mikil fyrir klæðingar á nokkrum þessum stöðum, einkum á Suðurlandi. Bent er á að í einhverjum tilvikum hefur líka verið notað tiltölulega smágert steinefni í klæðingarnar, sem hefur ekki nægan styrk og slitþol og þolir nagladekkjaumferðina þannig illa.

Klæðingar lagðar sumarið 2019 á úttektarsvæðunum sem voru teknar út í september voru metnar að mestu leyti í lagi og flestar alveg óskemmdar eins og eðlilegt er.